

Veiðimálastofnunin,
Tumi Tómasson,
Þórir Dan Jónsson,
Borgarnesi.

Maí 1979.

Athugun á Holtsá.

Þann 10. maí 1979 fór fram á vegum Veiðimálastofnunar athugun á lífsskilyrðum fyrir lax í Holtsá í Fróðárhreppi að beiðni Leifs Ágústssonar, Mávahlíð og Snorra Böðvarssonar, Ólafsvík og voru þeir jafnframt til leiðsagnar þegar athugunin var gerð.

Að sögn þeirra hefur eldisseiðum verið sleppt í ána á undanförnum árum. Auk þess er auðvelt að sjá allan lax sem í ána gengur. Sleppingar, aðallega gönguseiði, hófust 1961, en höfðu legið niðri um árabil þegar þær hófust að nýju 1974.

Efrirfarandi tafla sýnir sleppingar á eldisseiðum og fjölda laxa sem í ána hafa gengið á undarförnum árum.

Ár	Sleppingar	Staður	Veiddur lax	Óveiddur lax í ánni
1973			0	0
1974	1000 gönguseiði	efst í ána	4	-
	2000 sumaralin	Kálfá og ofar		
1975	1000 gönguseiði		8-9	-
	2000 sumaralin	Kálfá og ofar		
1976	1000 gönguseiði		4	ca. 12
	kviðpokas.	Ofarlega í ána einkum læki		
1977	1000 gönguseiði			
	kviðpokas.	"	8	ca. 12-14
1978	1000 gönguseiði			
	kviðpokas.	"	7	ca. 6-8

Rafveitt var á fimm stöðum í ánni. Skammt fyrir ofan veg, á beygju fyrir neðan foss, fyrir ofan foss og í Kálfá og í Mýrarlæk þar efra, og voru aldurssýni tekin af norrkum seiðum. Einnig var botngerðin lítillega athuguð.

Niðurstöður og ályktanir.

Áin virðist hafa óverulega möguleika til framleiðslu á eigin laxi. Einhvert náttúrulegt klak getur þó heppnast í ánni eins og laxagangan (4 laxar) 1974 sýna. Hinsvegar kom enginn lax 1973. Áin er fremur köld og vistfræðilega á mörkum þess að geta framleitt eigin lax. Seiði sem komu úr hrogni að vori ná í flestum tilvikum ekki nægum þroska (stærð+ holdafar) fyrir fyrsta vetur til að geta lifað hann af. Í sérstaklega góðu árferði gæti einhver hluti lifað af, en lax myndi með öllu hverfa úr ánni verði seiðasleppingum hætt.

Alls veiddust um 40 laxaseiði í ánni og voru þau frá 1-4 ára, flest tveggja ára. Seiðin í ánni vaxa mjög hægt fyrstu 2 árin (tveggja ára seiði eru um 5-6 cm), en síðan eykst lengdarvöxtur og þó sérstaklega þyngdaraukning þeirra verulega og þau ná göngubróska (um 12 cm) á fjórum árum. Holtsá getur því alið laxaseiði, sé þeim hjálpað yfir fyrsta þröskuldinn. Er æskilegast að sleppa í ána seiðum sem eru um 4-6 cm í júní, en slík seiði hafa sumar eldisstöðvar á boðstólnum.

Á undanförnum árum hefur verið sleppt töluverðu magni kviðpokaseiða í litla læk sem í ána falla og eru hlýrri en hún. Sleppingar kviðpokaseiða eru mjög vandasamar þar sem þroski þeirra og lífríki vatnsins verður að vera í samræmi þegar sleppt er. Þannig virðist slepping í mýrarlækinn ofarlega í ánni hafa mistekist með öllu 2 ár af 3, en öll seiðin sem þar fengust voru tveggja ára, þrátt fyrir mismunandi stærð. Er því ekki hægt að treysta á slíkar sleppingar, jafnframt sem ekki er hægt að nýta framleiðslugetu árinna á þann hátt, til þess er hún of köld.

Í Holtsá hefur verið lögð rík áherzla á sleppingu gönguseiða. Í köldum ám hafa gönguseiðasleppingar almennt gefið mjög lakann eða engan árangur og eins og fram kemur í töflunni er Holtsá hér engin undantekning.

Það er óraunsætt að ætla að laxagengd í Holtsá geti orðið mikil, en þó mætti auka hana verulega frá því sem nú er með sleppingu stálpaðra seiða í byrjun júní eða þegar áin fer að hlýna. Slíkum seiðum ber að sleppa þar sem áin er grýtt, og dreifa þeim vel, 1-2 seiðum per lengdarmeter við hvorn bakka. Einnig mætti sleppa þeim í hlýja hliðarlæk, ca 1 á lengdarmeter.

Ekki þarf að takmarka veiðiálag á lax sem í ána gengur, enda deyja flestir laxanna að hrygningu lokinni, og afkoma hrognanna er mjög tvísýn.

Skýrslur um seiðasleppingar og laxagöngur í Holtsá eru mjög góðar og vonum við að svo verði einnig í framtíðinni. Veiðimálastofnunin hefur mjög mikinn áhuga á að fylgjast vel með framvindu mála í Holtsá og æskir góðrar samvinnu við veiðiréttareigendur í því sambandi. Væri okkur mikill greiði gerður ef veiðiréttareigendur tækju hreysturssýni af öllum löxum sem úr ánni koma á næstu árum. Hreystrið ber að skafa af laxinum skáhallt niður undan aftari enda bakuggans, rétt við eða fyrir ofan rákina (miðlínu). Taka ber um 10-20 hreystur fa hverjum laxi. Upplýsingar um lengd, þyngd og kyn ásamt dagsetningu skrifist á hreysturspokana sem við sendum hér með. Hreystrið ber að setja beint í pokann, en ekki í plastumbúðir því þá rotna þau. Sýnin sendist síðan til Veiðimálastofnunarinnar, Kveldúlfsgötu 2a, 310 Borgarnes (sími 7197), þegar veiðitíma er lokið.